

Reykjavík, 30. apríl 2024

Efni: Umsögn stjórnar Kríu – sprota- og nýsköpunarsjóðs um frumvarp til laga um Nýsköpunarsjóðinn Kría

Vísað er til lagafrumvarps um Nýsköpunarsjóðinn Kría, mál nr. 911, sem var tekið til fyrstu umræðu þann 15. apríl 2024, en með frumvarpinu er ætlunin að sameina Kría - sprota- og nýsköpunarsjóð annars vegar og Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins hins vegar í einn sjóð, Nýsköpunarsjóðinn Kría.

Með erindi 16. apríl sl. óskaði nefnda- og greiningarsvið Alþingis, fyrir hönd efnahags- og viðskiptanefndar, eftir umsögn stjórnar Kríu - sprota- og nýsköpunarsjóðs um frumvarpið.

Stjórn Kríu - sprota- og nýsköpunarsjóðs er þeirrar skoðunar að breytingar sem er ætlað að einfalda stuðningsumhverfi nýsköpunar á Íslandi og draga úr kostnaði við umsýslu, séu af hinu góða. Þá er stjórnin sammála því að fjármögnunarumhverfi nýsköpunar á Íslandi sé síbreytilegt, og mikilvægt að það sé alþjóðlega samkeppnishæft og að inngrip hins opinbera eigi að taka mið af því.

Stjórn Kríu - sprota- og nýsköpunarsjóðs er þeirrar skoðunar að frumvarpið í núverandi mynd sé almennt jákvætt; það byggir á Nýsköpunarstefnu Íslands til 2030, þeirri þekkingu sem byggst hefur upp í opinbera kerfinu um fjármögnun nýsköpunarfyrirtækja, og þeirri sýn að hlutverk hins opinbera sé að styðja við umhverfi nýsköpunar og efla það.

Stjórnin telur enn fremur að áhersla á uppbyggingu umhverfis fjármögnunar sem laði að einkafjárfesta sé eðlilegt framhald þeirrar stefnu sem stjórnvöld hafa sett sér. Sem sjóður á markaði sem fjárfestir í samfloti við einkaaðila er besta leiðin til að tryggja árangur að ákvarðanir séu teknar á markaðsforsendum.

Stjórnin fagnar einnig þeirri áherslu sem lögð er á alþjóðlega samkeppnishæfni og alþjóðlegar tengingar. Nýsköpunarfyrirtæki starfa í langflestum tilfellum á alþjóðlegum mörkuðum og mikilvægt er að missa ekki sjónar á því mikilvæga hlutverki sem alþjóðlegir markaðir gegna fyrir uppbyggingu hugvitsdrifins hagkerfis á Íslandi. Kría - sprota- og nýsköpunarsjóður hefur þegar náð mjög góðum árangri í að byggja upp tengsl við alþjóðlega aðila á jafningjagrundvelli og er ljóst að nýr sjóður mun búa að því.

Þó vill stjórn Kríu - sprota- og nýsköpunarsjóðs vara sérstaklega við því að ætla nýjum sjóði of víðtækt hlutverk. Fyrr í ferlinu komu fram hugmyndir um að setja sérstakar fjárfestingaáherslur með lögum. Uppbygging alþjóðlega samkeppnishæfs fjármögnunarumhverfis annars vegar og stuðningur eða fjárfestingar í pólitískum áherslumálum eins og völdum samfélagslegum áskorunum hins vegar, er mjög flókið í



framkvæmd og ólíklegt til árangurs. Hafi löggjafinn sérstakan áhuga á ákveðnum áherslumálum ættu slík áherslumál að vera vel afmörkuð og skilgreind og fjármögnuð sérstaklega.

Athugasemdir við einstaka greinar frumvarpsins

3.gr. Hlutverk sjóðsins

Stjórn Kríu - sprota- og nýsköpunarsjóðs telur hlutverk hins nýja sjóðs ágætlega afmarkað og skýrt í frumvarpinu hvaða verkefnum honum er ætlað að sinna í umhverfi nýsköpunar. Að mati stjórnar er mikilvægt að hlutverkið breytist ekki á þann hátt að ætla sjóðnum of mörg verkefni eða þynna út áherslurnar og markmiðin með sameiningunni með öðrum hætti.

Samkvæmt frumvarpinu er opnað fyrir þátttöku í sjóðum sem skráðir eru erlendis. Í tengslum við það vill stjórn Kríu - sprota- og nýsköpunarsjóðs koma tveimur athugasemdum á framfæri:

- Í fyrsta lagi, þá hafa Kríu - sprota- og nýsköpunarsjóði borist fyrirspurnir og umsóknir frá sjóðum sem að einhverju eða öllu leyti eru staðsettir erlendis. Óljóst er af frumvarpinu hvernig hinum nýja sjóði væri rétt að meta þátttöku í erlendum sjóðum og hvernig ætti að forgangsraða milli innlendra og erlendra sjóða. Að mati stjórnar væri æskilegt að löggjafinn setti skýrar reglur eða viðmið í tengslum við það.
- Í öðru lagi, vekur athygli að takmarka eigi erlenda þátttöku við EES en ekki leyfa önnur ríki sem íslensk nýsköpunarfyrirtæki eiga mikil viðskipti við eins og Bandaríkin eða Bretland.

4. gr. Stjórn Nýsköpunarsjóðsins Kríu

Stjórn telur mikilvægt að áhersla sé lögð á að skipan stjórnar taki mið af verkefnum og að skýrar kröfur um þekkingu og hæfni liggi fyrir. Fjárfestingar í nýsköpun eru sérstakt viðfangsefni og mikilvægt að stjórn þess opinbera aðila sem fer fyrir þeim málaflokki hafi alþjóðlega tengingu eða reynslu og góða þekkingu á lífsferli nýsköpunarfyrirtækja og kostum í nýsköpunarfjárfestingum.

6.gr. Forstjóri

Í frumvarpinu kemur fram að ráðherra skipi forstjóra til fimm ára að fenginni tillögu stjórnar. Í greinargerð með frumvarpinu kemur hins vegar fram "að ráðherra skipi forstjóra Nýsköpunarsjóðsins Kríu að undangenginni auglýsingu, ráðningarferli og hæfnismati í samræmi við lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins."


Stjórn Kríu vill benda á að það sé óskýrt hvernig ætlað sé að forstjóri sé ráðinn eða skipaður, og ítrekar mikilvægi þess að svo sé búið um hnútana að hægt sé að ráða hæfasta einstaklinginn í starfið.



9.gr. Rekstur

Stjórn Kríu vill benda á að ekki er gert ráð fyrir í lögunum hvernig hugsanlegum arði af fjárfestingum sjóðsins skuli varið. Ef hugmyndin er að allur arður skuli nýttur til frekari uppbyggingar ætti það að vera skýrt og ef hugmyndin er að hluti arðs eða hann allur greiðist til eiganda ætti sömuleiðis að taka það fram.

Fyrir hönd stjórnar Kríu - sprota- og nýsköpunarsjóðs,



Kristinn Árni L. Hróbjartsson
stjórnarformaður

